

Nr. 780

17. september 2009

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag íbúðarhúsalóða í landi Klængssels.

Deiliskipulagið nær til tveggja lóða í landi Klængssels, Klængssel 1 og Klængssel 2 þar sem gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum á hvoru landi, fyrir allt að 350 m² íbúðarhús og allt að 1000 m² útihús/geymslu/skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. mars 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. september 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2009